

28. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar miðvikudaginn 25. maí 2011, kl. 15:30.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Rekstraryfirlit Blönduósbæjar fyrstu 4 mánuði ársins**
 - 2. Fundargerðir:**
 - a) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. apríl 2011**
 - b) Stjórnar Bs. um Tónlistarskóla A-Hún. frá 5. maí 2011**
 - c) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 14. apríl 2011**
 - 3. Bréf frá Varasjóði Húsnæðismála ódags.**
 - 4. Bréf frá Sýslumannsembættinu á Blönduósi frá 16. maí 2011**
 - 5. Samningur um afnot af landi milli Blönduósbæjar og 2 átta ehf.**
 - 6. Erindi vegna Blöndubýggðar 13 frá 15. maí 2011**
 - 7. Erindi vegna Sæheima ehf. ódags.**
 - 8. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

- 1. Rekstraryfirlit Blönduósbæjar fyrstu 4 mánuði ársins**

Fjármálastjóri Blönduósbæjar mætti á fundinn.

Bókaðar tekjur fyrstu 4 mánuði ársins eru alls 255,6 millj.kr en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir tekjum að upphæð 640 millj.kr allt árið 2011.

Bókuð útgjöld fyrstu 4 mánuði ársins eru 231,8 millj.kr en fjárhagsáætlun ársins gerir ráð fyrir útgjöldum upp á 580,6 millj.kr allt árið. Niðurstaða úr rekstri fyrstu 4 mánuði er 23,7 millj.kr tekjur umfram gjöld en fjárhagsáætlun án afskrifta, verðbóta og söluhagnaðar gerir ráð fyrir 59,4 millj.kr tekjum umfram útgjöld. Fjárfestingar fyrstu 4 mánuði ársins eru engar, en gert er ráð fyrir 7 millj.kr í fjárfestingar árið 2011.

- 2. Fundargerðir:**

- a) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. apríl 2011**

Lögð fram til kynningar

- b) Stjórnar Bs. um Tónlistarskóla A-Hún. frá 5. maí 2011**

Lögð fram til kynningar

- c) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 14. apríl 2011**

Lögð fram til kynningar

3. Bréf frá Varasjóði Húsnæðismála ódags.

Með samkomulagi milli velferðaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands Íslenskra sveitarfélaga um rekstrarframlög til Varasjóðs húsnæðismála frá 23. nóvember 2010 verður 50 milljónum króna varið til greiðslu á framlögum vegna sölu félagslegs eignar-og leiguhúsnæðis á árinu 2011.

Lagt fram til kynningar.

4. Bréf frá Sýslumannsembættinu á Blönduósi frá 16. maí 2011

Zophonías Ari vísar af fundi undir þessum liðum.

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Lárusar B. Jónssonar, kt. 120353-5009, f.h. Blöndu ehf. kt. 520308-0400, um leyfi til sölu gistingar í flokki II yfir gististaði, í sumarhúsum 22 og 23 í Brautarhvammi.

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

5. Samningur um afnot af landi milli Blönduósbæjar og 2 átta ehf.

Þann 11. janúar 2007 var undirritaður samningur milli Blönduósbæjar og 2 átta ehf. um afnot á landi til uppbyggingar á fjölskyldu- og skemmtigarði. Í samningnum kemur fram að rekstur skuli hafinn á svæðinu fyrir lok ársins 2011. Verði rekstur ekki hafinn þá, eða rekstur hefur fallið niður í 2 ár eða lengur jafngildir það uppsögn samnings þessa.

Bæjarráð samþykkir uppsögn á samingi með vísan til uppsagnarákvæða samningsins. Bæjarstjóra falið að senda uppsagnarbréf.

6. Erindi vegna Blöndubýggðar 13 frá 15. maí 2011

Eigandi fasteignarinnar Blöndubýggð 13, 540 Blönduósi óskar eftir að Blönduósbær kaupi fasteignina með öllum mannvirkjum og ræktun sem á lóðinni eru. Tilboðið hljóðar upp á að Blönduósbær greiði ekki neitt fyrir fasteignina með öðru en því að Blönduósbær tekur á sig allan kostnað við að fjarlægja ónýtt mannvirki og frágang á yfirborði fasteignarinnar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga til samninga við eiganda fasteignarinnar Blöndubýggðar 13.

7. Erindi vegna Sæheima ehf. ódags.

Óskað er eftir við Blönduósbæ að það afsali sér hlutafé í Sæheimum ehf. kt. 430585-0109.

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 17:55

*Kári Kárason (sign.)
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)